

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Landgræðslusjóð“, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júní 1946. **94**  
Skipulagsskráin er þannig: 18. júní

## SKIPULAGSSKRÁ

### Landgræðslusjóðs.

Samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 13. marz 1945.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Landgræðslusjóður. Hann er stofnaður fyrir atbeina lands-  
nefndar lýðveldiskosninganna og forgöngu Skógræktarfélags Íslands, samtímis at-  
kvæðagreiðslunni 20.—23. maí 1944, til minningar um stofnun lýðveldis á Íslandi.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

- |  |               |
|--|---------------|
| a. Frjáls framlög, er safnast hafa .....   | kr. 130000.00 |
| b. Eftirstöðvar þess fjár, sem landsnefnd lýðveldiskosninganna<br>barst frá nokkrum stofnunum, til þess að standa straum af kostnaði<br>í sambandi við lýðveldiskosningarnar ..... | — 250000.00   |

#### 3. gr.

Verksvið sjóðsins er hvers konar landgræðsla og gróðurvernd, en aðalhlut-  
verk hans skal þá vera að klæða landið skógi.

#### 4. gr.

Stjórn Landgræðslusjóðs skipa stjórn Skógræktarfélags Íslands, skógræktar-  
stjóri og sandgræðslustjóri. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin leggur starfs-  
skýrslu og ársreikninga sjóðsins fyrir aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Reikn-  
ingarnir skulu endurskoðaðir af eftirlitsmönnum opinberra sjóða og birtir í B-deild  
Stjórnartíðindanna.

#### 5. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með frjálsum samskotum, minningargjöfum, merkja-  
sölu, happdrætti, áheitum eða á annan hátt. Merki sjóðsins er bjarkarlaufin þrjú,  
sem landsnefnd lýðveldiskosninganna notaði kjördagana og afhenti síðan Skógrækt-  
arfélagi Íslands að gjöf.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna deildir innan sjóðsins af gjöfum, sem kunna  
að vera bundnar því skilyrði gefenda, að þeim sé varið til landgræðslu á ákveðnum  
svæðum, enda samþykki stjórn sjóðsins skipulagsskrá þeirra.

#### 7. gr.

Fé Landgræðslusjóðs skal ávaxta í útlánum til þeirra framkvæmda, sem um getur  
í 3. gr., gegn öruggum tryggingum og hóflegum ársvöxtum. Það fé, sem ekki er  
bundið í útlánnum, skal stjórnin ávaxta á annan tryggan hátt.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn ein milljón króna er stjórn hans heimilt  
að verja allt að  $\frac{3}{4}$  vaxta til þess að veita styrki eða verðlaun fyrir störf, sem eru  
í samræmi við tilgang sjóðsins.

94

18. júní

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að  $\frac{1}{4}$  stjórnar sjóðsins sé því samþykkt og breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags Íslands með  $\frac{3}{4}$  greiddra atkvæða. Þó má aldrei breyta 3. gr. þessarar skipulagsskrár.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

95

18. júní

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Elínborgar E. Jóhannesdóttur og Jóhannesar Sveinssonar frá Litla-Hvammi í Miðfirði“, stofnaður 19. sept. 1944, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júní 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elínborgar E. Jóhannesdóttur og Jóhannesar Sveinssonar frá Litla-Hvammi í Miðfirði, stofnaður 19. sept. 1944.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Birni Jóhannessyni, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, til minningar um foreldra hans, þau hjónin Elínborgu E. Jóhannesdóttur og Jóhannes Sveinsson, sem hjuggu um skeið í Litla-Hvammi í Miðfirði, en síðar í Hafnarfirði. Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00.

2. gr.

Sjóðurinn afhendist Skógræktarfélagi Íslands, sem varðveitir hann og ábyrgist. Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur stjórn sjóðsins með höndum.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að koma á fót skógrækt á þeim stað í Miðfirði, sem álitinn verður hentugur til slíkrar ræktunar að dómi sjóðstjórnar og skógræktarstjóra.

4. gr.

Til þess að hrinda framkvæmdum af stað er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að helmingi þeirrar upphæðar, er sjóðurinn nemur, þá framkvæmdir hefjast. Hitt, sem eftir er í sjóði, þegar upphaflegu verki er lokið — þ. e. þegar land hefur verið girt og í það sáð og plantað að fullu — skal ávaxtað á tryggan hátt ásamt þeim gjöfum, sem sjóðnum kunna að berast, svo framarlega að þær séu ekki bundnar skilyrðum um að vera notaðar til framkvæmda strax.

5. gr.

Til þess að tryggja starfsemi þá, sem rekin er á vegum sjóðsins eða með aðstoð hans, skal stjórn hans fylgjast með hversu starfinu miðar og bæta úr því, sem ábótavant verður. Til þessa er henni heimilt að nota vexti höfuðstóls eftir þörfum.

6. gr.

Telji stjórn sjóðsins hann hafa fé aflögu til fleiri framkvæmda en þeirra, sem upphaflega var byrjað á, má hefja nýjar framkvæmdir. Skal þá stjórn hans ásamt skógræktarstjóra ákveða hvar og hvernig því starfi skuli hagað.